

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagsbreyting Austurbyggðar (Dísastaðarland), Selfossi.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 14. desember 2016 breytingu á deiliskipulagi Austurbyggðar (Dísastaðarlandi), Selfossi. Í breytingunni felst að leiksvæði sem er á milli lóða á reit M er felld út og raðhúsaloðirnar að Smáralandi 17 og 19 stækka lítillega, einnig stækkar raðhúsaloðin að Stekkjarlandi 8 lítillega. Á reit N er leiksvæði á milli lóða felld út og parhúsaloðin að Snælandi 5-7 er stækkuð og breytt í þriggja íbúða parhúsaloð. Á reit O er bætt við leiksvæði milli lóðanna Akralands 9 og 11. Parhúsaloðunum að Akralandi 5 og 7 verður breytt í raðhúsaloð, einnig verður einbýlishúsaloðin að Akralandi 9 breytt í raðhúsaloð. Á reit P er leiksvæði milli lóða felld út og einbýlishúsaloðin að Fagralandi 7 er stækkuð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 20. mars 2017.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2017